

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórhamsri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F150/2024

Reykjavík, 16. júlí 2024

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Ríkislögreglustjóri
Skúlagötu 21
101 Reykjavík

I

Vísað er til fyrri bréfaskipta vegna athugunar umboðsmanns á notkun á lögreglumerkjum en með bréfi til ríkislögreglustjóra 4. mars sl. var upplýst að athygli hefði verið vakin á því að lögregluembætti hefðu í notkun lögreglumerki sem virtust ekki eiga sér stoð í ákvæðum reglugerðar nr. 1151/2011, um einkenni og merki lögreglunnar, og nr. 690/2021, um einkennisfatnað lögreglunnar. Einkum væri um að ræða stjörnu sem birtist m.a. á vefsíði lögreglunnar, á samfélagsmiðlum lögregluembætta og á merktum lögreglubifreiðum. Þá hefði athygli umboðsmanns einnig verið vakin á því að lögreglumenn í sérsveit ríkislögreglustjóra sinntu skyldustörfum í einkennisfatnaði sem auðkenndur væri með lögreglumerkjum sem samræmdust ekki téðum reglum.

Í tilefni af framangreindu var óskað eftir því að ríkislögreglustjóri upplýsti um afstöðu sína til þess hvort að hann teldi notkun umræddra lögreglumerkja samræmast ákvæðum reglugerðanna. Jafnframt var óskað eftir nánar tilgreindum upplýsingum viðvíkjandi breytingum á lögreglumerkjum og hugsanlegum fyrirmælum eða leiðbeiningum ríkislögreglustjóra þar að lútandi. Að endingu var óskað upplýsinga um hvort embætti ríkislögreglustjóra teldi efni fyrirspurnarinnar gefa tilefni til viðbragða og þá hverra.

II

Í svari ríkislögreglustjóra 21. maí sl. kemur fram að sú stjarna sem getið er um í reglugerð nr. 1151/2011 hafi reynst illa til stafrænnar útgáfu. Því hafi verið talið mikilvægt að einfalda hana svo hún stæðist nútímaþrófur. Tekið er fram að merkingum á lögreglufatnaði hafi ekki verið breytt þótt sú stjarna, sem í svarinu er nefnd „stafræna stjarnan“, sé m.a. notuð til merkinga á ökutækjum lögreglu, til stafrænnar notkunar og annars konar merkinga, við kynningar af ýmsu tagi, á bréfsefni og við merkingar á lögreglustöðvum. Upplýst er um að stafræna stjarnan hafi verið lengi í þróun. Ástæða sé að

skortur hafi verið á samræmdum hönnunarstöðlum fyrir löggreglu, en í eldri hönnun hafi ekki verið horft til skýrleika og sýnileika merkja sem nú sé gerð krafa um. Af svarinu verður ráðið að stafræna stjarnan hafi verið tekin í notkun til merkinga á löggreglubifreiðum snemma árs 2018 og í kjölfarið hafi hún verið notuð við önnur tækifæri, svo sem þau sem að framan greinir.

Að því leyti sem fyrirspurn umboðsmanns sneri að einkennismerkjum sérsveitarmanna kemur fram í svari ríkislöggreglustjóra að tekin hafi verið ákvörðun af embættinu árið 2007 um að nota það merki sérsveitar embættisins sem lýst er í bréfi umboðsmanns. Sú notkun hafi síðar verið staðfest árið 2019 í búnaðarfyrirmælum sérsveitar. Þá hafi gráu merki sérsveitarinnar verið tekin í notkun árið 2015. Muni þáverandi ríkislöggreglustjóri hafa heimilað þau er sérsveit embættisins tók í notkun gráa búninga.

Jafnframt er upplýst í bréfinu að 18. mars sl. hafi embætti ríkislöggreglustjóra tekið það formlega upp við dómsmálaráðuneytið að endurskoða þyrfti reglugerð nr. 1151/2011. Hafi embættið þá þegar hafist handa við að endurskoða reglugerðina að beiðni ráðuneytisins. Áform séu um að leggja fram tillögur að breytingum til ráðuneytisins við fyrsta tækifæri en eigi síðar en 1. júní sl. Þannig standi yfir vinna við að uppfæra framangreinda reglugerð, „auk annarra reglna sem nauðsynlegt [sé] að gera breytingar á“. Í því sambandi kemur þó ekkert nánar fram í svari ríkislöggreglustjóra um markmið eða efni fyrirhugaðra breytinga.

III

Með hliðsjón af því sem fram kemur í svörum ríkislöggreglustjóra um áformaðar breytingar á ákvæðum reglugerðar nr. 1151/2011 og eftir atvikum annarra reglna tel ég ekki tilefni til að halda athugun minni áfram að svo stöddu. Ég tel þó ástæðu til að áréttta mikilvægi þess að handhafar framkvæmdarvalds, þ. á m. lögreglan, sem hefur með höndum það grundvallrarhlutverk að halda uppi lögum og reglu í landinu, gæti að því í störfum sínum að fara að þeim réttarreglum sem gilda um starfsemi þeirra á hverjum tíma. Í því tilliti minni ég einnig á þá grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar að stjórnsýslan er bundin af lögum.

Ég fæ ekki annað ráðið af svari embættis ríkislöggreglustjóra en að framfylgni við ákvæði reglugerðar nr. 1151/2011 hafi að einhverju leyti verið ábótavant. Er þeirri ábendingu því beint til embættisins að gæta framvegis að því að haga framkvæmd sinni með þeim hætti að breytingum sé ekki hrint í framkvæmd áður en viðeigandi breytingar hafa verið gerðar á þeim réttarreglum sem við eiga. Er þá horft til þess að hin „stafræna stjarna“ var samkvæmt svari embættis ríkislöggreglustjóra tekin í notkun snemma árs 2018 en embættið mun hins vegar ekki hafa borið málið formlega undir dómsmálaráðherra um þörf á reglugerðarbreytingum fyrr en um sex árum síðar eða 18. mars


UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

sl. Í þessu sambandi minni ég einnig á að refsing getur legið við notkun merkja og einkenna löggreglu eða svipaðra merkja við ákveðnar aðstæður, svo sem getið er um í 1. gr. reglugerðar nr. 1151/2011. Búa að baki þessu þau sjónarmið að almennингur geti áttað sig á því hverjir fara með löggregluvald hverju sinni, sbr. til hliðsjónar bréf umboðsmanns Alþingis 15. ágúst 2023 í máli nr. F139/2023. Markviss framkvæmd þeirra reglna sem hér er um að tefla er því málefni sem hefur að mínu viti þýðingu fyrir hagsmuni borgaranna.

Ég tek að lokum fram að áfram verður fylgst með málinu af hálfu umboðsmanns og er þess því óskað að ríkislöggreglustjóri upplýsi umboðsmann um boðaðar breytingar á ákvæðum reglugerðar nr. 1151/2011 og eftir atvikum annarra reglna er lúta að einkennismerkjum löggreglu þegar þær liggja fyrir en að öðrum kosti eigi síðar en 1. október nk.

Dómsmálaráðuneytinu er sent afrit af bréfi þessu til upplýsingar.

Virðingarfyllst,



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Skúli Magnússon".

Skúli Magnússon